

Nd.

## 24. Frumvarp

til stjórnarskipunarlaga um breyting á stjórnarskrá um hin sjerstaklegn mál-  
efni Íslands 5. jan. 1874 og stjórnarskipunarlögum 3. okt. 1903.

Flutningsmaður: Bjarni Jónsson frá Vogu, Skúli Thoroddsen.

### 1. gr.

Síðari hluti 1. gr. stjórnarskipunarlaga 3. okt. 1903: »Ráðherra Íslands  
má eigi . . . . falið að veita« falli burt; en í staðinn komi:

Landssjóður greiðir laun ráðherra, svo og kostnað við ferðir þeirra á  
konungs fund.

### 2. gr.

Á eftir 1. gr. stjórnarskipunarlaga 3. okt. 1903 (2. gr. stjórnarskrárinnar)  
komi tvær nýjar greinar (2. og 3. gr.):

Konungur vinnur eið að stjórnarskrá Íslands. Af eiðstaf konungs skal  
gera tvö samhljóða frumrit, og geymir Alþingi annað þeirra, en hitt skal geymt  
í landskjalasafninu.

### 3. gr.

Konungur er ábyrgðarlaus og friðheilagur. Ráðherrar bera ábyrgð á  
stjórninni. Alþingi getur kært þá fyrir embættisrekstur þeirra. Landsdómur  
dæmir þau mál.

### 4. gr.

2. gr. stjórnarskipunarlaga 3. okt. 1903 (3. gr. stjórnarskrárinnar) falli  
burt, en í hennar stað komi:

Ráðherrar skulu vera þrír; konungur skipar þá og leysir þá frá embætti.  
Hann skiftir störfum með þeim. Einn þeirra kveður hann til forsætis, og  
stýrir sá ráðherrastefnum. Starfsvið ráðherrastefnu skal nánar ákveðið með  
lögum.

Hver ráðherra skrifar ásamt konungi undir ályktanir um þau málefni,  
er honum eru sjerstaklega falin, og ber ábyrgð á stjórnarathöfninni. Sá ráð-  
herra, sem konungur hefir til forsætis kvatt, ber að jafnaði málin undir kon-  
ung, einnig fyrir hönd hinna ráðherranna. Þegar hann ber fram fyrir konung  
mál, sem annar ráðherra hefir nafnsett, ber hann að eins ábyrgð á því að  
að málið sje rjett flutt, nema hann taki sjerstaklega að sjer stjórnarskipulega á-  
byrgð á etni málsins með því að setja einnig nafn sitt undir það. Ráðherra  
sá, er mál skal flytja fyrir konungi, fer á konungs fund, þá er nauðsyn kref-  
ur, til þess að bera upp fyrir honum lög og mikilvægar stjórnarráðstafanir.  
Undirskrift konungs undir ályktanir um löggjöf og stjórn veitir þeim gildi,  
þegar ráðherra ritar undir þær með honum.

### 5. gr.

4. gr. stjórnarskrárinnar falli burt, en í hennar stað komi:

Konungur veitir öll þau embætti, sem hann hefir veitt hingað til. Breyta

má þessu með lögum. Hver embættismaður skal vinna eið að stjórnarskránni. Konungur getur vikið þeim frá embætti, sem hann hefir veitt það; þó skal engum vikið frá embætti til fullnaðar, nema honum sje áður gefinn kostur á að verja mál sitt fyrir dómi.

6. gr.

8. gr. stjórnarskrárinnar falli burt, en í hennar stað komi:

Konungur getur rofið Alþingi með þeim takmörkunum, sem segir í 10. gr., og skal þá stofnað til kosninga áður en tveir mánuðir sjeu liðnir frá því er þingið var rofið, og skal Alþingi stefnt saman innan árs frá þingrofi.

7. gr.

11. gr. stjórnarskrárinnar falli burt, en í hennar stað komi:

Þegar brýna nauðsyn ber til, getur konungur gefið út bráðabirgðalög milli Alþinga; eigi mega þó slík lög riða í bág við stjórnarskrána og ætíð skulu þau lögð fyrir næsta Alþingi á eftir. Samþykki Alþingi þau ekki áður en þingi slitur, falla þau úr gildi. Bráðabirgðafjárlög má eigi gefa út, ef fjárlög fyrir fjárhagstimabilið eru samþykkt af Alþingi.

8. gr.

4. gr. stjórnarskipunarlaga 3. okt. 1903 og 14. gr. stjórnarskrárinnar falli burt, en í þeirra stað komi:

Á Alþingi eiga sæti 40 þjóðkjörnir Alþingismenn. Tölu þeirra má breyta með lögum.

9. gr.

5. gr. stjórnarskipunarlaga 3. okt. 1903 (15. gr. stjórnarskrárinnar) falli burt, en í hennar stað komi:

Alþingi skiftist í tvær deildir, efri þingdeild og neðri þingdeild. Í neðri deild eiga sæti 26 þingmenn, kosnir óhlutbundnum kosningum í kjördæmum landsins, en í efri deild eiga sæti 14 þingmenn, 10 kosnir hlutfallskosningum um land alt og 4, er sameinað Alþingi kys óbundnum kosningum úr flokki annara þingmanna fyrir allan kjörtíma neðri deildar í fyrsta sinn, sem það kemur saman eftir að nýjar kosningar hafa farið fram. Verði nokkurt sæti laust í efri deild meðal þessara þingmanna, er nú voru næst nefndir, þá ganga báðar þingdeildirnar, þegar búið er að kjósa nýjan alþingismann, saman til þess að velja mann í hið auða sæti fyrir þann tíma, sem eftir er af kjörtímanum.

Breyta má tölum þessum með lögum, sje tölu þingmanna breytt.

10. gr.

16. gr. stjórnarskrárinnar falli burt, en í hennar stað komi:

30 af þingmönnum skulu kosnir til 6 ára í sjerstökum kjördæmum, óhlutbundnum kosningum, eftir því sem kosningarlög mæla fyrir, en 10 þingmenn skulu kosnir hlutfallskosningum um land alt til 12 ára, 5 þingmenn á 6 ára fresti og jafnmargir varaþingmenn um leið og á sama hátt. Þingrof ná eigi til þessara 10 þingmanna. Nú deyr einhver þeirra þingmanna, sem kosnir eru í kjördæmum, á kjörtímabilinu, eða fer frá, og skal þá kjósa þingmann í hans stað fyrir það sem eftir er kjörtímans. Verði á sama hátt autt sæti með-

al þeirra, sem kosnir eru með hlutfallskosningum um land alt, tekur það sæti varapingmaður sá, er í hlut á.

Nánari reglur um kosningarnar verða settar í kosningalögnum.

#### 11. gr.

6. gr. stjórnarskipunarlaga 3. okt. 1903 (17. gr. stjórnarskrárinnar), falli burt, en í staðinn komi:

Kosningarrjett til óhlutbundinna kosninga til Alþingis hafa karlar og konur, sem eru fædd hjer á landi eða hafa átt hjer lögheimili síðastliðin 5 ár, og eru 25 ára, er kosning fer fram. Þó getur enginn átt kosningarrjett nema hann hafi óflekkað mannorð, hafi verið heimilisfastur í kjördæminu eitt ár og sje fjárs síns ráðandi, enda ekki í skuld fyrir þeginn sveitarstyrk. Nú hafa hjón óskilin fjárhag og missir konan eigi kosningarrjett fyrir það.

Með sömu skilyrðum hafa og karlar og konur, sem eru 30 ára eða eldri, hlutfallskosningarrjett til efri deildar.

#### 12. gr.

18. gr. stjórnarskrárinnar orðist þannig:

Kjörgengur til Alþingis er hver sá, sem kosningarrjett á, ef hann er er ekki þegn annars ríkis eða að öðru leyti í þjónustu þess.

Kjósa má samt þann mann, sem ekki á heima í kjördæminu eða hefir verið þar skemur en eitt ár, en heimilisfastur skal hann hafa verið á Íslandi að minsta kosti síðasta árið áður en kosning fer fram.

#### 13. gr.

7. gr. stjórnarskipunarlaga 3. okt. 1903 (19. gr. stjórnarskrárinnar) falli burt, en í staðinn komi:

Reglulegt Alþingi skal saman koma lögmaeltan dag annað hvort ár, hafi konungur ekki tiltekið annan samkomudag fyrir það ár. Breyta má þessu með lögum.

Nú krefst meiri hluti þingmanna hvorrar deildar að aukaping sje haldið, og kveður þá konungur Alþingi til setu svo fljótt sem unt er. Eigi má það þing lengur sitja en 4 vikur án samþykkis konungs.

#### 14. gr.

Á undan 20. gr. stjórnarskrárinnar komi ný grein svo látandi:

Alþingi er friðheilagt. Enginn má raska friði þess né frelsi.

#### 15. gr.

8. gr. stjórnarskipunarlaga 3. okt. 1903 (1. málsg. 25. gr. stjórnarskrárinnar) falli burt, en í staðinn komi:

Fyrir hvert reglulegt Alþingi skal, undir eins og það er saman komið, leggja frumvarp til fjárlaga fyrir það fjárhagstímabil, sem í hönd fer.

#### 16. gr.

26. gr. stjórnarskrárinnar falli burt, en í staðinn komi:

Sameinað Alþingi kys 3 yfirskoðunarmenn, og skulu þeim veitt laun fyrir starfa sinn. Þeir skulu kosnir með hlutfallskosningu. Yfirskoðunarmenn

Þessir eiga að gagnskoða árlega reikninga um tekjur og gjöld landsins, og gæta þess, hvort tekjur landsins sjeu þar allar taldar, og hvort nokkuð hafi verið út goldið án heimildar. Þeir geta, hver um sig, tveir eða allir, krafist að fá allar skýrslur þær og skjöl, sem þeim þykir þurfa. Síðan skal safna þessum reikningum fyrir hvert fjárhagstímabil í einn reikning og leggja hann fyrir Alþingi ásamt athugasemdum yfirskoðunarmanna, og skal því næst samþykkja hann með lögum.

Rjett er yfirskoðunarmönnum, einum eða fleirum, að fá að sjá reikninga og bækur gjaldkera landssjóðs, og sómuleiðis stjórnarráðsins, fyrir ár það, sem er að liða eða liðið er. Þyki þeim nokkuð athugavert, skulu þeir gera eftirmönnum sínum vísbendingu um það skriflega.

#### 17. gr.

29. gr. stjórnarskrárinnar falli burt, en í staðinn komi:

Alþingi sker sjálft úr, hvort þingmenn þess sje löglega kosnir, svo og úr því, hvort þingmaður hefir mist kjörgengi.

#### 18. gr.

10. gr. stjórnarskipunarlaga 3. okt. 1903 (34. gr. stjórnarskrárinnar) falli burt, en í staðinn komi svo látandi ný grein:

Ráðherrar eiga samkvæmt embættisstöðu sinni sæti á Alþingi, og rjett eiga þeir á að taka þátt í umræðunum eins oft og þeir vilja, en gæta verða þeir þingskapa. Atkvæðisrjett hafa ráðherrar því að eins að þeir sjeu jafnframt þingmenn.

#### 19. gr.

Aftan við 45. gr. stjórnarskrárinnar bælist:

Breyta má þessu með lögum.

#### 20. gr.

Aftan við 47. gr. stjórnarskrárinnar bælist:

Enginn er skyldur til að inna af hendi persónuleg gjöld til æinnar annarar guðsdýrkunar en þeirrar, er hann sjálfur aðhyllist. Nú er maður utan þjóðkirkjunnar, og geldur hann þá til háskóla Íslands eða einhvers styrktarsjóðs við þann skóla, eftir því sem á verður kveðið, gjöld þau, er honum ella hefði horið að greiða til þjóðkirkjunnar, enda heyri hann ekki til þóðrum trúarbragðaflokki, er viðurkendur sje í landinu.

Breyta má þessu með lögum.

#### 21. gr.

48. gr. stjórnarskrárinnar falli burt, en í hennar stað komi:

Hvern þann, sem tekinn er fastur, skal án undardráttar leiða fyrir dómara. Sje hann eigi jafnskjótt látinn laus, skal dómari, áður sólarhringur sje liðinn, leggja rökstuddan úrskurð á, hvort hann skuli settur í varðhald. Megi láta hann lausan gegn veði, þá skal ákveða í úrskurði, hvert og hversu mikið það skuli vera.

Úrskurði dómara má þegar skjóta til æðra dóms, og fer um birting og áfrýjun slíks úrskurðar sem um birting og áfrýjun dóms í sakamálum.

Engan má setja í gæsluvarðhald fyrir sök, er að eins varðar fjesekt eða einföldu fangelsi.

22. gr.

60. gr. stjórnarskrárinnar orðist svo:

Sjerrjettindi, er bundin sje við nafnbætur og lögtign, má eigi lögleiða.

23. gr.

61. gr. stjórnarskrárinnar orðist svo:

Tillögur, hvort heldur eru til breytinga eða viðauka á stjórnarskrá þessari, má bera upp bæði á reglulegu Alþingi og Auka-Alþingi. Nái tillagan samþykki beggja þingdeildanna, skal rjúfa Alþingi (sbr. þó 10. gr.) þá þegar og stofna til almennra kosninga af nýju. Samþykki báðar deildir þingsins ályktunina óbreytta, og nái hún staðfestingu konungs, þá hefir hún gildi sem stjórnarskipunarlög.

Nú samþykkir Alþingi breyting á sambandinu milli Íslands og Danmerkur, og skal þá leggja það mál undir atkvæði allra kosningarbærra manna í landinu til samþykta eða synjunar, og skal atkvæðagreiðslan vera leynileg.

24. gr.

Með sjerstöku lagahoði má kveða á um, að þeim lagafrumvörpum, er Alþingi hefir samþykkt, megi skjóta til leynilegrar atkvæðagreiðslu Alþingiskjósenda annaðhvort til samþykkis eða synjunar.

Heimild þessi er þó þeim skilyrðum bundin, að fullur þriðjungur hvorrar þingdeildar og þrjú þúsund kjósendur krefjist atkvæðagreiðslunnar, enda sje sú krafa komin í hendur stjórnarinnar fjörutíu dögum eftir að lögín voru afgreidd frá Alþingi. Konungsstaðfestingar skal þá fyrst leitað, er kjósendur hafa samþykkt Alþingisfrumvarpið með atkvæðagreiðslu, eða hinn lögákveðni frestur er liðinn án þess að atkvæðagreiðslu hafi verið krafist.

Undanþegin þessari atkvæðagreiðslu eru fjárlög og fjáráukalög, svo og þau lög, er öðlast skulu gildi áður en 4 mánuðir eru liðnir frá því, er þau voru afgreidd frá þinginu.

25. gr.

Hvar sem »ráðherra« er nefndur í eintölu í stjórnarskránni eða stjórnarskipunarlögum 3. okt. 1903, skal svo skilja, þar sem það á við, sem orðið væri í fleirtölu.

#### Ákvæði um stundarsakir.

Umboð konungkjörinna þingmanna falli niður, þegar er stjórnarskipunarlög þessi koma í gildi, og skulu þá kosnir í fyrsta sinn tíu þingmenn til efri deildar og tíu varþingmenn með hlutfallskosningum um land alt.

Á fyrsta reglulega Alþingi eptir kosningarnar skal ákveða með hlutkesti, hverir hlutfallskosnir þingmenn deildarinnar skuli fara frá eftir 6 ár.

Almennar óhlutbundnar kosningar skulu fara fram sem fyrst eftir hlutfallskosningar til efri deildar, og ekki síðar en innan ársfjórðungs.